

Kennsluáætlun 2026-2027

3. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára og Vigdís



Markmið:

Að nemendur

- Geti horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni.
- Beiti aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel.
- Geti valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- Skrifi skýrt og læsilega.
- Þekki sérhljóð og samhljóð.
- Geti farið í orðaleiki.
- Þekki stafsetningaregluna um tvöfaldan samhljóða.
- Þekki lýsingarorð og geti fundið þau í texta.
- Geti notað greinarmerkin . ? !
- Greini frá upplifun sinni eftir áhorf/hlustun.
- Geti lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.
- Geti unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Dragi rétt til allra íslensku stafanna, bæði há- og lágstafa.
- Þekki hugtökin bókstafur, orð og málsgrein.
- Þekki nafnorð og geti fundið þau í texta.
- Geti stigbreytt lýsingarorð.
- Geti unnið með lykilorð og fundið orð í orði og orð úr orði.
- Beiti skýrum og áheyrilegum framburði.
- Beiti góðum orðaforða við að skilja texta og noti einfaldar aðferðir til að ráða merkingu ókunnra orða.
- Þekki bókmenntahugtökin höfundur, upphaf, miðja, endir og söguþráður.
- Geti búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.
- Kunni stafrófið og geti raðað orðum í stafrófsröð.
- Þekki stafsetningarregluna um n og nn.
- Geti fundið eintölu og fleirtölu nafnorða.
- Geti fallbeygt lýsingarorð með nafnorði.
- Þekki bókmenntahugtökin boðskapur, aðalpersónur og aukapersónur.
- Geti samið sögu.

Kennsluáðferðir/vinnulag:

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögn á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 20 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélaga og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í pörum/hópum með skólafélögum. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar

ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu. Verkefnum utan vinnubóka er safna í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

Nemendur þjálfa upplestur með því að lesa fyrir kennara/stuðningsfulltrúa/samnemanda í kennslustund að jafnaði 4 sinnum á viku eða eins oft og kostur gefst. Meðan á lestri stendur fá nemendur leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.

Námsmat:

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hvernar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

Námsgögn:

- Ritrún 2 og 3
- Lestrarbækur MMS auk lestrarbóka af bókasöfnum sveitarfélagsins.
- Skriftarbækur.
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Byrjendalæsis og Leikur að læra.
- Námsleikir og málfræðiæfingar á vef.